

*Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/1995  
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 21/1995)*

**Ríkisútvarpið gegn Samkeppnisráði**

**I.**

Með bréfi, dags. 26. júní 1995, hefur Kristján Þorbergsson, hdl., fyrir hönd Ríkisútvarpsins kært [ákvörðun samkeppnisráðs frá 30. maí 1995, nr. 21/1995](#). Með ákvörðuninni mælir samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar milli þess hluta rekstrar Ríkisútvarpsins sem annast öflun og útsendingu á dagskrárefni og hins vegar þess hluta rekstrarins sem snýr að framleiðslu dagskrárefnis Sjónvarps, eigi síðar en 1. júlí 1996. Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1995 verði hrundið og þau fyrirmæli sem í henni felast felld úr gildi.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun nr. 21/1995 verði staðfest með vísan til forsendna.

Framleiðendafélagið, samtök félaga og fyrirtækja sem framleiða kvikmyndir, hefur einnig mótmælt þeim kröfum sem koma fram í kærinni.

Fyrrgreindum aðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig skriflega hér fyrir áfrýjunarnefndinni um ágreiningsatriði máls þessa. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

**II.**

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 21. nóvember 1994, kærði Valborg Þ. Snævarr, hdl., f.h. Framleiðendafélagsins, Ríkisútvarpið-sjónvarp fyrir meint brot á samkeppnislögum. Þess var krafist að samkeppnisráð beitti 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga og mælti fyrir um að framleiðsludeildir Ríkisútvarpsins-sjónvarps, sem stunda framleiðslu innlends dagskrárefnis, þ.m.t. sá hluti tæknideildar og yfirstjórnar sem að framleiðslu starfar, yrði fjárhagslega aðskildar frá öðrum rekstri áfrýjanda. Til vara var þess krafist, með vísan til 19. gr. samkeppnislaga, að samkeppnisyfirvöld könnuðu þau lög og

stjórnvaldsfyrirmæli sem málið vörðuðu, með hliðsjón af því hvort þau stríddu gegn markmiði samkeppnislaga og torvelduðu frjálsa samkeppni í viðskiptum, og gæfu álit sitt á því.

Í erindinu er bent á að hluti af starfsemi áfrýjanda sé lögbundinn og fjármagnaður úr ríkissjóði og með lögbundnum tekjustofnum og njóti því verndar í skilningi 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Einnig er bent á að sú starfsemi sem erindið tekur til, dagskrárframleiðsla Sjónvarpsins, greiði ekki skatta né önnur opinber gjöld þar sem að um opinbera stofnun sé að ræða.

Í rökstuðningi sínum bendir lögmaður Framleiðendafélagsins einnig á að í 3. mgr. 24. gr. útvarpslaga sé m.a. kveðið á um skyldu Sjónvarpsins til öflunar dagskrárefnis og sagt að gerð dagskrárefnis geti farið fram hjá Sjónvarpinu eða utan þess skv. sérstökum verksamningum. Að mati lögmannsins er þannig gerður greinarmunur í lögnum á útsendingarskyldu áfrýjanda og framleiðsluskyldu, útsending verði alltaf að fara fram hjá áfrýjanda en framleiðsla dagskrárefnis á vegum áfrýjanda sé hins vegar sett undir sama hatt og hver önnur framleiðsla í landinu. Lögmaðurinn telur að, með vísan til 20. gr. og 3. mgr. 21. gr. útvarpslaga, hvíli skylda á áfrýjanda að framleiða sem mest íslenskt efni í hæsta gæðaflokki innan þeirrar fjárhagsáætlunar sem útvarpsráð setji stofnuninni. Þá lagaskyldu geti áfrýjandi ekki uppfyllt, að mati lögmannsins, nema með samanburði á framleiðslukostnaði efnis áfrýjanda og þess efnis sem framleiðendur utan stofnunarinnar framleiða. Ef upplýsingar um kostnað einstakra dagskrárverkefna Sjónvarpsins og félagsmanna Framleiðendafélagsins lögju fyrir telur lögmaðurinn að koma mætti við samkeppni milli framleiðsludeilda áfrýjanda og sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda.

Í erindinu segir að árið 1992 hafi Hagfræðistofnun Háskóla Íslands athugað framleiðslukostnað innlands dagskrárefnis hjá áfrýjanda. Niðurstaðan var sú að ekki væri hægt að gera slíkar kannanir vegna þess að upplýsingar sem til grundvallar þyrfti að leggja lögju ekki fyrir. Lögmaður Framleiðendafélagsins kveður framleiðsludeildir Sjónvarpsins ekki bókhaldslega aðgreindar frá annarri starfsemi áfrýjanda og ekki liggi fyrir raunkostnaður við einstök verk. Félagsmenn Framleiðendafélagsins hafa, að mati lögmannsins, verulega hagsmuni af slíkri bókhaldslegri aðgreiningu, þar sem þeir telja sig geta framleitt sambærilegt efni og áfrýjandi gerir nú fyrir mun lægra verð.

Lögmaðurinn telur að slíkur fjárhagslegur aðskilnaður væri áfrýjanda einnig til hagsbóta.

Þá segir í erindinu:

*„Framleiðsludeild RÚV nýtur því forgangs umfram aðra framleiðendur sjónvarpsefnis til að koma efni til dreifingar í ríkisstofnun, auk þess sem Framleiðsludeild RÚV nýtur forgangs við framleiðslu dagskrárefnis, án þess að sýnt sé fram á að það sé kostnaðarminni framleiðsla en umbj. mínir geta boðið. Telja umbj. mínir að þetta fyrirkomulag sé samkeppnishamlandi af hálfu RÚV og leiði til þess að eðlileg samkeppni á markaðnum geti ekki átt sér stað.“*

Í erindinu segir enn fremur að félagar í Framleiðendafélaginu telji sig hafa skaðast í mörgum tilvikum vegna núverandi aðstæðna. Orðrétt segir:

*„Hafa umbjóðendur mínir þurft að framleiða verk langt undir raunkostnaði vegna fullyrðinga forsvarsmanna RÚV um að ódýrara sé að framleiða verkið innanhúss og hafa forsvarsmenn RÚV neitað að greiða meira fyrir verkin á þeirri forsendu, þrátt fyrir að umbj. mínir hafi sýnt fram á með sundurliðuðum kostnaðaráætlunum að verkið kosti í raun mun meira. Hafa umbj. mínir þurft að sætta sig við þessi afarkjör til þess að eiga möguleika á því að fá verk sín í framleiðslu í vissum tilvikum og sýnd í Ríkissjónvarpinu.“*

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 10. janúar 1995, kom lögmaður áfrýjanda fram með athugasemdir við erindi Framleiðendafélagsins. Lögmaður áfrýjanda mótmælir því að ákvæði samkeppnislaga séu brotin í störfum áfrýjanda. Hann kveður erindi Framleiðendafélagsins einkum varða bókhald áfrýjanda en slík umfjöllun falli að sjálfsögðu utan starfssviðs samkeppnisráðs.

Lögmaðurinn mótmælir því að áfrýjandi misnoti tvíþætt hlutverk sitt. Hann segir að útvarpslög geri ráð fyrir því að áfrýjandi ræki margþætt hlutverk og að með einum eða öðrum hætti felist starfsemi áfrýjanda í því að útvarpa. Framleiðsla og útsending tengist því að útvarpa með ýmsu móti. Í sumum tilvikum verði framleiðsla og útsending ekki greind að. Þá bendir lögmaðurinn á að ýmiss konar dagskrárefni sé aðkeypt fullbúið og því ekki framleitt að neinu leyti af áfrýjanda.

Að mati lögmannsins er Sjónvarpið ekki keppinautur kvikmyndaframleiðenda, markmið þeirra sé að framleiða kvikmyndir en markmið áfrýjanda sé að útvarpa. Heimild áfrýjanda samkvæmt útvarpslögum til að semja við aðila utan stofnunarinnar geri áfrýjanda ekki að samkeppnisaðila kvikmyndaframleiðenda. Þá leggur lögmaðurinn á það höfuðáherslu að dagskrárframleiðsla áfrýjanda sé í eigin þágu en keppi ekki við framleiðslu þeirra aðila sem keppast innbyrðis um að fá viðskipti við áfrýjanda. Í skilningi samkeppnislaga eigi áfrýjandi í samkeppni með sjónvarpsrekstur sinn við sjónvarpsrekstur annarra aðila.

Með vísan til framangreinds og þar sem að áfrýjandi njóti hvorki einkaleyfis né verndar, sem áskilið sé við beitingu 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, telur lögmaðurinn að hafna beri kröfum Framleiðendafélagsins. Þá telur lögmaður áfrýjanda það ekki fela í sér vernd í skilningi samkeppnislaga að áfrýjanda séu markaðir tekjustofnar í lögum. Starfsemin sé ekki vernduð en það sé forsenda fyrir beitingu 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga.

Lögmanni Framleiðendafélagsins gafst kostur á að gera athugasemdir við bréf áfrýjanda. Það var gert með bréfi, dags. 29. janúar 1995.

Með bréfi, dags. 22. febrúar 1995, setur lögmaður áfrýjanda fram athugasemdir við bréf lögmanns Framleiðendafélagsins.

Í athugasemdum frá 15. mars 1995 mótmælir lögmaður Framleiðendafélagsins því að framleiðsludeildir Sjónvarps séu ekki í samkeppnisrekstri og að áfrýjandi búi ekki við vernd í skilningi samkeppnislaga, eins og komið hafði fram í athugasemdum lögmanns áfrýjanda.

Lögmaðurinn fjallar um lögbundna tekjustofna áfrýjanda og bendir í því sambandi á IV. kafla útvarpslaga. Hann segir m.a.:

*„Öll útvarpstæki sem flutt eru til landsins eru háð aðflutningsgjöldum sem renna til framkvæmdasjóðs RÚV. Greidd eru gjöld fyrir útvarpsafnot, fyrir hvert tæki í landinu. Gjöldin eru tryggð með lögveði í tækjunum, sbr. 27. gr. laganna. Gengur lögveðið framur öðrum veðböndum...“*

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar áttu fund með lögmanni og fyrirsvarsmönnum Framleiðendafélagsins þann 24. mars 1995. Þau gögn og dæmi er þar komu fram voru ekki lögð til grundvallar, að því er segir í ákvörðun samkeppnisráðs, þar sem þau voru ekki kynnt lögmanni áfrýjanda.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 30. maí 1995, var erindi Framleiðendafélagsins vegna Ríkisútvarpsins-Sjónvarps tekið fyrir og afgreitt með ákvörðun nr. 21/1995. Ákvörðunarorð hljóða svo:

*„Til að kostnaðaráætlanir Ríkisútvarpsins-Sjónvarps gefi glöggar og raunhæfar upplýsingar um þann fasta og breytilega kostnað sem fellur til vegna framleiðslu innlands dagskrárefnis stofnunarinnar, þannig að sjálfstætt starfandi kvikmyndaframleiðendur búi við sanngjarnari samkeppnisskilyrði, mælir Samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar milli þess hluta rekstrar Ríkisútvarpsins sem annast öflun og útsendingu á dagskrárefni og hins vegar þess hluta rekstrarins sem snýr að framleiðslu dagskrárefnis Sjónvarps, eigi síðar en 1. júlí 1996. Er þetta gert á grundvelli 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“*

Eins og fyrr greinir bar áfrýjandi mál þetta undir áfrýjunarnefnd samkeppnismála með bréfi, dags. 26. júní 1995. Með bréfi, dags. 3. júlí 1995, var samkeppnisráði og Framleiðendafélaginu gefinn kostur á að koma fram með skriflegar greinargerðir.

Þann 24. júlí 1995 barst áfrýjunarnefndinni greinargerð Valborgar Þ. Snævarr f.h. Framleiðendafélagsins. Greinargerðin var send lögmanni áfrýjanda þann 25. júlí s.á.

Samkeppnisráð sendi áfrýjunarnefndinni greinargerð sína í málinu, þann 1. ágúst 1995 og afrit voru send lögmanni áfrýjanda og lögmanni Framleiðendafélagsins.

Þann 2. ágúst 1995 kom lögmaður áfrýjanda fram með athugasemdir við greinargerð Framleiðendafélagsins og þann 10. ágúst við greinargerð samkeppnisráðs. Loks var Framleiðendafélaginu og samkeppnisráði gefinn kostur á að tjá sig um athugasemdir áfrýjanda frá 2. og 10. ágúst sl.

### III.

Áfrýjandi byggir kröfu sína, um að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1995 verði hnekkt, í fyrsta lagi á því að alvarlegir formgallar séu á málsmeðferð samkeppnisráðs. Hann segir það alþekkt meginreglu á vettvangi dómsmála og stjórnslu, að aðili sem sætir kærufélag fái að tjá sig um allar þær sakir sem á hann eru bornar, sem og þann rökstuðning sem kærandinn færir fram. Meginreglan sé sú að varnaraðili fái að tjá sig síðast áður en mál sé tekið til ákvörðunar, en í máli þessu fyrir samkeppnisráði hafi þessarar reglu ekki verið gætt. Þá er rakin málsmeðferðin fyrir samkeppnisfyrirvöldum og m.a. sagt:

*„Seinni greinargerð Ríkisútlagsins var send kæranda til umsagnar, sem samkvæmt því sem segir í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar skilaði þriðju greinargerð sinni þann 15. mars 1995. Á bls. 8-9 í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar Samkeppnisráðs eru teknir upp kaflar úr þessari þriðju greinargerð kærands, en þessa þriðju greinargerð kæranda hafa hvorki forsvarsmenn kærða, né lögmaður hans séð og því ekki átt þess kost að tjá sig um efni hennar og var af hálfu Samkeppnisstofnunar enginn kostur á því gefinn.“*

Lögmaðurinn segir að í þeim hluta greinargerðarinnar sem tekin var upp í forsendur hinnar kærðu ákvörðunar séu rangfærslur sem áfrýjandi mótmæli. Hann kveður samkeppnisráð leggja til grundvallar niðurstöðu sinni staðhæfingar sem forsvarsmenn áfrýjanda hafa hvorki séð né heyrt.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi kröfu sína á því að efni ákvörðunarinnar sé óskýrt. Í ákvörðuninni sé ekki vikið að því hvaða deildir eigi að skilja að né hvernig skuli fara með þá þætti starfseminnar þar sem útsending og framleiðsla séu svo samtvinnuðar að þær verði ekki aðgreindar.

Í þriðja lagi byggir áfrýjandi kröfu sína á því að áfrýjandi njóti hvorki verndar í skilningi 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga né sé það í frjálsri samkeppni við félagsmenn Framleiðendafélagsins, þegar það þjónustar sjálft sig. Vísað er til fyrri röksemda í greinargerðum áfrýjanda fyrir samkeppnisráði en auk þess segir í kærinni m.a.:

*„Ríkisútlagið telur að með vernd í skilningi 2. mgr. 14. gr., sé átt við að starfsemi sé vernduð með einhverjum hætti. Þann skýringarkost er*

*nærtækt að ráða af því, að í sömu andrá og rætt er um vernd í 2. mgr. 14. gr. er rætt um einkaleyfi. Einkaleyfi lýtur að starfsemi. Vernd hlýtur að gera það einnig. Þannig geta þær staðreyndir að Ríkisútvarpinu eru búnir tekjustofnar í lögum ekki þýtt vernd, né sú staðreynd að Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.“*

Að mati lögmanns áfrýjanda er það skilyrði 2. mgr. 14. gr., að hluti rekstrar sé í samkeppni við aðra, ekki fullnægt í máli þessu. Hann telur að samkvæmt forsendum ákvörðunar samkeppnisráðs sé innri þjónusta áfrýjanda við sjálft sig talið „markaður“ og áfrýjandi talinn í frjálsri samkeppni á markaði innan hans sjálfs. Þessa notkun á hugtakinu markaður telur lögmaðurinn í ósamræmi við skilgreiningu hugtaksins í samkeppnislögum. Loks segir áfrýjandi að frjáls samkeppni þýði að aðilar keppi um viðskiptavinum, en svo sé ekki um áfrýjanda og Framleiðendafélagið.

Í athugasemdum Framleiðendafélagsins er í fyrsta lagi dregið í efa að málsmeðferðarreglur dómstóla gildi fyrir Samkeppnisstofnun, sérstaklega í ljósi þeirra rúmu heimilda sem samkeppnisráð hefur til afskipta af málum af eigin frumkvæði. Þá segir að í síðustu athugasemdum Framleiðendafélagsins fyrir Samkeppnisstofnun, frá 15. mars 1995, hafi engin ný sjónarmið komið fram. Framleiðendafélagið telur því ekki grundvöll til að ógilda ákvörðun samkeppnisráðs.

Um röksemdir áfrýjanda er varða frjálsa samkeppni segir m.a.:

*„Lokaorð lögmanns RÚV lúta að því „að frjáls samkeppni þýði að aðilar keppi um viðskiptavinum, sem ekki er raunin milli félagsmanna kæranda og kærða.“ Undir þessi orð tekur undirritaður lögmaður og tel lögmanninn koma þarna að grundvallaratriði máls þessa. Viðskiptavinurinn (útsendingarhluti RÚV) og samkeppnisaðilinn (framleiðsluhluti RÚV) er einn og sami aðilinn.“*

Í athugasemdum samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndarinnar er fyrst og fremst byggt á því að hin kærða ákvörðun sé reist á lögætum sjónarmiðum og traustri lagaheimild.

Varðandi meintan ágalla á málsmeðferð er tekið fram að engar nýjar málsástæður hafi komið fram í síðustu greinargerð Framleiðendafélagsins, frá 15. mars 1995.

Um þau rök áfrýjanda að efni ákvörðunarinnar sé óskýrt segir í athugasemdunum að ráðið hafi kosið að orða ákvörðunarorð sín með almennum hætti til að íþyngja ekki þeim stofnunum sem ákvarðanirnar beinast að. Með því geti stofnanir lagað framkvæmd ákvarðana að starfsemi og innra skipulagi, innan þess ramma sem ákvarðanir ráðsins setja. Því er vísað á bug að tæknilegir erfiðleikar séu á því að skilja fjárhag framleiðslustarfsemi dagskrárefnis Sjónvarps frá starfsemi sem annast öflun og útsendingu efnis. Slíkt hafi verið gert víða.

Samkeppnisráð vísar til fyrri röksemda sinna í hinni kærðu ákvörðun fyrir því að áfrýjandi njóti verndar í skilningi samkeppnislaga.

#### **IV.**

#### **Niðurstöður**

##### **1.**

Áfrýjandi, Ríkisútvarpið, hefur í fyrsta lagi krafist ógildingar á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1995, frá 30. maí 1995, þar eð við málsmeðferð þar hafi Framleiðendafélagið skilað greinargerð til Samkeppnisstofnunar, sem hafi verið sú þriðja í röðinni, án þess að áfrýjanda hafi gefist kostur á að kynna sér efni hennar. Ennfremur er því haldið fram að fundur hafi verið haldinn með talsmönnum kæranda eftir framlagningu þriðju greinarinnar og þar lögð fram gögn sem áfrýjandi hafi ekki fengið að kynna sér. Í ákvörðun samkeppnisráðs komi fram að þau séu ekki lögð til grundvallar í málinu. Áfrýjandi heldur því fram að engu að síður sé á þeim byggt að hluta til í forsendum ákvörðunar ráðsins.

Ljóst er af málgögnum að nokkur ný lagasjónarmið komu fram í þriðju greinargerðinni. Þau eru sum hver nánar rakin í málavaxtakafla fyrrgreindrar ákvörðunar samkeppnisráðs. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lítur svo á að hagsmunaaðilar samkeppnismála, en til þeirra teljast bæði Framleiðendafélagið og áfrýjandi í máli þessu, skuli eiga þess kost að kynna sér öll þau gögn og yfirlýsingar sem lögð eru til grundvallar fyrir ákvörðun. Frá þessari aðalreglu



eru aðeins smávægileg frávik sem ekki skipta máli hér. Málsmeðferðin var ekki í samræmi við þetta og er hún að því leyti aðfinnsluverð.

Við úrlausn á ógildingarkröfu áfrýjanda vegna rangrar málsmeðferðar er hins vegar til þess að líta að Framleiðendafélagið hafði áður komið að meginrökum sínum um það að áfrýjandi nyti opinberrar verndar í skilningi 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Áfrýjandi hafði því lýst ólíkum sjónarmiðum sínum varðandi þetta atriði á þeim grundvelli. Þau nýju atriði sem fram komu í þriðju greinargerð Framleiðendafélagsins röskuðu ekki grundvelli málsins með þeim hætti að ógildingu varði enda þykir ljóst að umrædd atriði hafi ekki haft nein þau áhrif sem máli skipta á niðurstöður samkeppnisráðs. Önnur þau frávik frá réttum málsmeðferðarreglum sem áfrýjandi hefur bent á eru einnig þess eðlis að þau verða ekki talin hafa haft áhrif á forsendur eða niðurstöður ákvörðunar samkeppnisráðs í þeim mæli að valda eigi ógildingu.

## 2.

Áfrýjandi hefur í öðru lagi haldið því fram að efni ákvörðunar samkeppnisráðs sé svo óskýrt að það eigi að valda ógildingu. Ákvörðunarorð þessi hafa áður verið rakin.

Ákvörðunarorðin eru í samræmi við texta heimildarákvæðisins og fela í sér að mælt er fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli þess hluta rekstrar áfrýjanda sem annast öflun og útsendingu á dagskrárefni annars vegar og hins vegar þess hluta rekstrarins sem snýr að framleiðslu dagskrárefnis Sjónvarps. Fjárhagslegur aðskilnaður verður m.a. framkvæmdur með sjálfstæðri reikningsgerð. Ýmis ákvörðunatriði við framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar einstakra reikningsþátta fyrirtækja geta verið álitamál en hafa ber þó í huga að samkeppnisyfirlitum er rétt að veita leiðbeiningar eftir því sem efni standa til. Hafa ber einnig í huga að úrskurðaraðili á áfrýjunarstigi getur skýrt ákvörðunarorðið innan vissra marka. Eftir atvikum telur áfrýjunarnefnd samkeppnismála að ekki sé grundvöllur til að ógilda umrædda ákvörðun samkeppnisráðs af þessum ástæðum.

## 3.

Ríkisútvarpið starfar samkvæmt lögum nr. 68/1985. Það er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Það skal senda út til landsins alls og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring. Lögin eru greinilega á því byggð að í starfsemi ríkisútvarpsins geti bæði falist útsending

dagskrárefnis, framleiðsla þess og ýmis önnur tengd starfsemi. Í 5. mgr. 16. gr. útvarpslaganna er sérstaklega tekið fram að ríkisútvarpinu sé heimilt að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar. Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag og tekjum þess verður eingöngu varið í þágu útvarpsstarfseminnar. Ríkisútvarpinu eru búnir tilteknir tekjustofnar í lögum einkum í formi almennra afnotagjalda en einnig fær það tekjur af auglýsingum í hljóðvarpi og sjónvarpi.

#### 4.

Að því er varðar efni máls þessa verður fyrst og fremst litið til þess hvort starfsemi Ríkisútvarpsins, hér einkum sá rekstur þess sem snýr að framleiðslu dagskrárefnis, falli undir efnisákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Upplýst er í máli þessu að það dagskrárefni sem Ríkisútvarpið framleiðir er ekki selt á almennum markaði heldur fyrst og fremst notað í þágu eigin starfsemi.

Þó svo að fallast megi á að fjárhagslegur aðskilnaður auðveldi samanburð á kostnaði við framleiðslu dagskrárefnis og sé til þess fallinn að bæta almenn samkeppnisskilyrði, verður að hafa í huga að með hugtakinu samkeppni í merkingu samkeppnislaga er átt við þá stöðu að fyrirtæki markaðssetji vöru eða þjónustu við þær aðstæður að salan geti haft áhrif á sölumöguleika annars fyrirtækis. Ber að telja að bannákvæði samkeppnislaganna og jafnframt þau ákvæði laganna sem veita samkeppnisyfirvöldum heimild til að ákveða bann eða aðra íhlutun séu byggð á þessari hugtakanotkun. Af þessu leiðir að sá rekstrarþáttur Ríkisútvarpsins sem lýtur að framleiðslu dagskrárefnis getur ekki talist í „frjálsri samkeppni“ við aðra aðila í merkingu 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Lagaheimild brestur því fyrir því að ákveða fjárhagslegan aðskilnað þessa þáttar frá öðrum þáttum í starfsemi Ríkisútvarpsins.

Af þessu leiðir að fella verður úr gildi ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1995 frá 30. maí 1995.

**V.**  
**Úrskurðarorð:**

**„Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/1995, frá 30. maí 1995 er felld úr gildi.“**